

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10388/2020

Reykjavík, 12. mars 2020

Dalabyggð  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Til umboðsmanns Alþingis hefur leitað Jakob K. Kristjánsson og kvartað yfir afgreiðslu sveitarstjórnar Dalabyggðar á umsókn hans um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammsveit.

Í kvörtuninni kemur fram að á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 12. desember sl. hafi sveitarstjórnin samþykkt tillögu umhverfis- og skipulagsnefndar um að ákvörðun um málið yrði frestað þar til mótuð hefði verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengdu landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi, en að vinna við endurskoðun þess hæfist fljótlega í byrjun þessa árs.


Í 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir. Í 6. mgr. 32. gr. sömu laga kemur einnig fram að stefna aðalskipulags sé bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Í tilefni af kvörtun Jakobs og með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Dalabyggð veiti mér upplýsingar og skýringar á eftirfarandi atriðum:

1. Ég óska upplýsinga um hvort umsókn Jakobs sé enn óafgreidd hjá sveitarfélaginu.
2. Ég óska þess að sveitarfélagið skýri hvort í framangreindri samþykkt sveitarstjórnar felist sú afstaða að ekki sé skylt að taka afstöðu til umsóknar Jakobs á grundvelli þeirra skipulagsáætlana sem í gildi eru og skýri þá jafnframt hvaða lagasjónarmið búi að baki þeirri afstöðu, og hvort og þá hvernig slíkt samrýmist framangreindum ákvæðum skipulagslaga og málshraðareglu 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ég óska þess að svar við bréfi þessu berist mér eigi síðar en 2. apríl nk.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Gunnarsson', with a long, sweeping tail stroke extending to the right.

Tryggvi Gunnarsson